



Til: dagny.arnarsdottir@uar.is
Efni: Til samráðs: Landsáætlun og verkefnaáætlun um innviði
Upplýsingar: Sent: 26.02.2018 16:56:19 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020005, Bréfalyklar: 40 Stjórn almennt

Tilvísun í mál: 2018020005

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 5. febrúar sl., þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er gefin kostur á að gefa umsögn um Landsáætlun og verkefnaáætlun um innviði. Gefinn er frestur til að gefa umsögn um verkefnaáætlunina til 26. febrúar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir verkefnaáætlunina. Mjög mikil þörf er á aðgerðum vegna aukinnar ferðamennsku allan ársins hring og er óskandi að stefnumarkandi landsáætlun verði til að bæta ástand margra svæða á landinu sem njóta verndar vegna náttúru- og/eða menningarminja.

Í verkefnaáætlun eru tilgreindir 59 staðir og eru flestir þeirra vel þekktir ferðamannastaðir. Náttúruminjar flestra þessara staða eru nokkuð vel þekktar, en ástand þeirra oft síður þar sem vöktun náttúrufars hefur ekki verið í samræmi við aukningu í ferðamennsku á síðustu árum. Stofnunin efast ekki um að brýn þörf sé fyrir uppbyggingu innviða, viðhaldi innviða og/eða styrkingu á rekstri á öllum þeim stöðum sem nefndir eru í verkefnaáætluninni. Sama á við um landvörslu sem hefur löngum verið skortur á víða, en landvarsla er mikilvægur liður í að efla eftirlit og stuðla að verndun náttúruminjar. Mikilvægt er að efla landvörslu í samræmi við aukna ferðamennsku allan ársins hring.

Í stefnumarkandi landsáætlun er mikið lagt upp úr því að ástand náttúru- og menningarminja sé metið á faglegan hátt, að til sé heildstæð sýn um ástand svæða, þarfagreining og samræmdar aðgerðir. Hér er um að ræða fyrstu verkáætlun en ennþá vantar faglegan bakgrunn sem landsáætlun byggir á

Almennt má segja um verkefnaáætlunina að í henni eru engar lýsingar á því hvað eigi að framkvæma eða kostnaður við hvern stað o.s.frv. Ekkert er gefið upp um dreifingu fjármagns innan landshluta eða einstakra svæða. Það sama á við um dreifingu eða kostnað við landvörslu.

Sá þáttur sem snýr kannski einna helst að Náttúrufræðistofnun mætti flokka undir óstaðbundin verkefni. Þar eru vissulega ýmis þörf verkefni sem eiga m.a. að auka fagþekkingu við innviðauppbyggingu, hönnun og yfirbragð, miðlun og gönguleiðir. Hins vegar er ekki að finna neitt um náttúrufræði, hvernig staðir eru valdir til innviðauppbyggingar og útfærslu innviða út frá forsendum náttúrufars og vernd náttúruminja í samræmi við stefnumörkunina. Einnig virðast engir fjármunir vera settir í að vakta friðlýst svæði, meta áhrif ferðamennsku á náttúrufar eða setja aðgangsstýringu ferðamanna á viðkvæmum svæðum. Meiri samræmi þarf að vera á milli stefnumörkun landsáætlunar og verkefnaáætlunar.

Í landsáætlun/stefnumörkuninni er talað um net ferðamannstaða. Ekki kemur fram með hvaða hætti verkefnaáætlunin fellur að netinu.

Fjárveiting er takmörkuð og þörfin mikil en út frá þeim upplýsingum sem eru í verkefnaáætluninni er erfitt að meta hvort fjármagn til færri staða gæti stuðlað að öflugri uppbyggingu innviða, miðlun upplýsinga, landvörslu og vernd náttúruminja.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Samráðsgátt <island@island.is>
To: ni@ni.is
Date: 05.02.2018 19:20
Subject: Til samráðs: Landsáætlun og verkefnaáætlun um innviði

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 5/2018 - Landsáætlun og verkefnaáætlun um innviði. Samráðið stendur yfir til 26.02.2018 og hægt er að senda inn umsagnir á samráðsgátt Ísland.is á eftirfarandi slóð:
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=5](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=5). Vakin er athygli á því að umsagnir hagsmunaaðila birtast opinberlega í þessu máli strax og þær berast. Kærar þakkir fyrir þátttökuna.